

BORGARRÁÐ 10. mars 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lista yfir sértækar aðgerðir fyrir efnalítið fólk og niðurgreiðslu sálfræðipjónustu - MSS22030099

Verðbólga mælist nú 6,2 prósent og hefur ekki verið hærrí í áratug. Þetta má að mestu rekja til skorts og vöntunar á húsnæði, hagkvæmu húsnæði í Reykjavík. Þetta hefur leitt til þess að nýlega hækkuðu stýrivextir úr 2 í 2,75%. Allt þetta mun hafa áhrif á kaupmátt fólks og mun harðna í dalnum hjá fjölmörgum. Nú er Samfylkingin stærsti flokkurinn í meirihluta. Flokkurinn hefur lengi gefið sig út fyrir að standa fyrir jöfnuð. Allavega talar þingflokksformaður Samfylkingarinnar iðulega um að það sé óboðlegt að börnum sé mismunað eftir efnahag foreldra. Í Reykjavík ríkir víða mikill ójöfnuður m.a. sem rekja má til efnahags foreldra. Vísað er hér til Barnasáttmálans en í honum er tíunduð réttindi barna. Skýrasta dæmið um mismunun er að þeir efnameiri og efnamiklu geta farið með börn sín á t.d. sálfræðistofur út í bæ á meðan börn hinna fátæku og efnaminni þurfa að dúsa á biðlistum eftir fagþjónustu sálfræðinga, talmeinafræðinga og fleira fagfólki. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir lista yfir hvaða sértæku aðgerðir eru í gangi til að létta undir með fátæku fólki og efnalítlu? Spurt er einnig hvort greiða á fyrir sálfræðipjónustu barna efnaminnstu foreldranna á einkareknum stofum þar sem biðlisti barna eftir þjónustu skólanna er yfir 1800?